

Urriðaholtsskóli, 2. áfangi. Uppsteypa og fullnaðarfrágangur húss og lóðar

Viðauki 2 við útboðsgögn.

Í dag, 22. júní 2022, eru send út svör við þeim fyrirspurnum sem borist hafa.

Fyrirspurnatíma er nú lokið.

Fyrirspurn 1: Er þetta heildarútboð eða viljið þið fá sér útboð í pípulagnir ?

Svar 1: Þjóðendur skulu fylla út alla liði tilboðsskráarinnar. Þetta kemur fram í kafla 0.1.5 í útboðslýsingu. Litið verður á óútfyllta liði þannig að kostnaður við þá sé innifalinn í öðrum liðum.

Fyrirspurn 2: Er að skoða gögnin vegna útboðs Urriðaholtsskóla 2. Áfanga og fékk frá birgja fyrirspurn/athugasemd varðandi steinsteypuna þar sem vísað er í kafla 2.3.0.3 sjá skjáskot

2.3.0.3 Styrkur steypu

Sé annað ekki tekið fram skal steypa uppfylla ákvæði sbr. lið 2.3.0 um brotþolsflokkinn C-30/37, Fck=30Mpa Ecm=33Gpa. . Sjá einnig skýringarblað burðarþolsteikninga frá VEB Steypustyrkur í hverjum steypuáfangi skal sannprófaður með sýnatöku á vinnustað. Kostnaður við sýnatöku og ákvörðun steypustyrks greiðist af verktaka og skal vera innifalinn í einingaverðum verktaka.

Að þetta gangi ekki upp, C30/C37 steypa sem á að vera með >5% loftinnihald vera með Ecm > 33 Gpa. Einnig að það vanti áreitisflokk. Getur þú svarað okkur?

Svar 2: Gefið verður út skýringarblað varandi steypu fyrir hina ýmsu byggingarluta með áreitisflokkum og öðrum upplýsingum.

Varðandi steypu gildir ásamt þjóðarviðauka að fjaðurstuðull er skilgdreindur sem Ecm x 0.9 fyrir þétt fylliefni, sem skal nota í steypu þessa áfanga. Loftmagn skal vera meira en 5%.

Fyrirspurn 3: Er hægt að fá hurðaskrá þar sem kemur fram búnaður á hverja hurð?

Svar 3: Slík skrá hefur verið útbúin og henni bætt við útboðsgögn bæði á pdf sem og excel formi og öllum sem sótt hafa gögnin tilkynnt um hana. Nákvæmari skrá með staðsetningu hvernar hurðar verður útbúin við upphaf framkvæmda.

Fyrirspurnir þessar og svör við þeim eru hluti af gögnum verksins.

f.h. Garðabæjar

Arnar H. Halldórsson